

sýkna stefndu af kröfum stefnanda án þess að til álita komi hvort stefnandi, sem eigi var aðili að hinu áðurgreinda uppboði, var réttur aðili að máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og uppboðshaldarinn í Árnassýslu, Andrés Valdimarsson sýslumaður, skuli vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurðar Guðbjörnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 2. mgr. 38. gr. laga nr. 75/1973 er sérregla um kröfugerð, þegar máli er áfrýjað. Verður henni ekki beitt með lögjöfnun að mínu áliti. Frestur til að höfða mál þetta fyrir Hæstarétti er enginn settur í lögum, en krafan lýtur almennum fyrningarreglum. Ber því að ég tel að dæma málið að efni til. Meirihluti dómsins hefur komist að annarri niðurstöðu, og eru því ekki efni til að ég fjalli frekar um málsefnið.

Miðvikudaginn 6. maí 1987.

Nr. 105/1987. **Jón Bjarnason**

gegn

Óttari Proppé

Kærumál. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. febrúar 1987, er barst Hæstarétti

25. mars, kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Hafnarfjarðar uppkveðinn 9. febrúar um sameiningu bæjarþingsmálanna nr. 39/1986 og 40/1986.

Með stefnu 17. desember 1985 stefndi sóknaraðili varnaraðila til greiðslu á 118.860,00 krónum auk vaxta og málskostnaðar. Kveður sóknaraðili um að ræða kröfu vegna vangreiddrar þóknunar vegna lögfræðistarfa hans fyrir varnaraðila að samningum við Pétur Árnason sem verið hafi meðeigandi varnaraðila í félaginu P. Árnason & Proppé.

Með annarri stefnu sama dag stefndi sóknaraðili varnaraðila til greiðslu á 98.940,00 krónum auk vaxta og kostnaðar. Sóknaraðili kveður kröfuna vera vegna vangreiddrar þóknunar fyrir störf að stofnun sameignarfélags varnaraðila og sonar hans.

Mál þessi voru höfðuð fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar. Hinn 9. febrúar 1987 kvað dómariinn, Finnþogi H. Alexandersson héraðsdómari, upp hinn kærða úrskurð að kröfu lögmanns varnaraðila en gegn mótmælum sóknaraðila. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Mál nr. 39/1986 og 40/1986: Jón Bjarnason hrl. gegn Óttarri (sic) Proppé eru sameinuð í eitt mál.

Ákvörðun málskostnaðar vegna þessa þáttar bíður endanlegs dóms.“

Sóknaraðili krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Rökstyður hann kröfuna með því að málin séu ekki út af sama réttarsambandi. Þá hafi hann í síðari stefnunni geymt sér rétt til þess, ef greiðsla fáist ekki hjá varnaraðila, að stefna syni hans, Ólafi Proppé. Telur sóknaraðili að ef af sameiningu málanna verði sé loku skotið fyrir að hann geti sótt kröfu á hendur Ólafi vegna umræddra starfa. Þá krefst sóknaraðili kærúmálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist aðallega að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, þar sem kæruehimild skorti, en til vara að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst varnaraðili kærúmálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili skírskotar ekki til kæruehimildar í greinargerð sinni, en segist telja „engan vafa leika á að kæra þessi sé heimil.“ Ennfremur segir á þessa leið: „Þegar tvö mál eru þann veg, sem hér er, sameinuð í eitt fellur annað málið niður.“ Sýnist sóknaraðili því

styðja kærana við b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Sameining á málum leiðir ekki til þess að annaðhvort málið falli niður, heldur einungis til þess að málin verða dæmd í einu lagi. Er því hvorki samkvæmt nefndu ákvæði né öðrum ákvæðum laga heimilt að kæra mál þetta til Hæstaréttar, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Sóknaraðili sækir kröfur sínar á hendur varnaraðila í tveimur málum. Með sameiningu þeirra fellur önnur málssóknin niður. Kæru á úrskurði um slíkan réttarfarságreining tel ég heimila samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 og beri því að leggja efnisdóm á málið. Með því að meiri hluti dómara telur að vísa beri málinu frá hefur ekki þýðingu að ég dæmi það efnislega.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um kærumálskostnað.
